



## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 11. maí 2023

Tilvísun: 2023040185

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

### **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, laga um íslensk landshöfuðlén og laga um Fjarskiptastofu (fjarskiptanet, skráning, eftirlit o.fl.), 947. mál, 153. löggjafarþing**

Embætti ríkislögreglustjóra vísar til beiðni Alþingis um beiðni um umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti, laga um íslensk landshöfuðlén og laga um Fjarskiptastofu (fjarskiptanet, skráning, eftirlit o.fl.).

Í 5. gr. frumvarpsins, breytingar á 11. gr. laga um íslensk landshöfuðslén, nr. 54/2021 eru lagðar til auknar heimildir lögreglu til þess að láta loka vefsíðum sem eru hýstar undir .is. Í núverandi lagaumhverfi þarf það sem fer fram á vefsíðu að geta varðað fangelsisrefsingu allt að sex árum eða meira, en í framkomnu frumvarpi eru m.a. felld undir þessa heimild stafræn kynferðisbrot, haturstjáning og brot í nánu sambandi. Þetta telur embætti ríkislögreglustjóra jákvæða breytingu sem er í samræmi við það sem embætti ríkislögreglustjóra benti á í umsögn við þingsályktun um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026.<sup>1</sup>

Í tilefni af framkomnu frumvarpi sem leggur m.a. til breytingar á fjarskiptalögum telur embætti ríkislögreglustjóra mikilvægt að koma því á framfæri og árétta að lögregla verði einnig að hafa heimildir í lögum til að beita rafeindamótvægisáðgerðum (*e.electronic counter measures*). Mikilvægt sé að geta gripið inn í atburðarrás þar sem verið er að nota einhver tíðnisvið þráðlausra fjarskipta sem geta skapað hættu fyrir almenning, sjá m.a. umsögn embættisins við frumvarp til laga um fjarskipti, 461. mál, 152. löggjafarþing.<sup>2</sup>

Fyrir hönd embættis ríkislögreglustjóra

Runólfur Þórhallsson

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/altext/erindi/153/153-4228.pdf>

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-3278.pdf>

# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI